

SKÓGARVÖRÐURINN Á AUSTURLANDI

**STARFSSKÝRSLA
1996**



**SKÓGRÆKT
RÍKISINS**

Efnisyfirlit	Bls	Efnisyfirlit	Bls
Töfluskrá _____	2	3. Gróðrarstöð _____	11
1. Almennt _____	3	3.1 Fræplöntur _____	11
1.1 Veðurfar - veðurmælingar ____	3	3.2 Afhending skógarplantna ____	13
1.2 Starfsfólk ársins 1996 _____	3	3.3 Nýframkvæmdir _____	16
1.3 Mötuneyti _____	3	3.4 Ýmislegt í gróðrarstöð ____	16
2. Skógur og skóggræðsla _____	4	4. Húseignir _____	16
2.1 Vöxtur og þrif trjágróðurs ____	4	4.1 Viðhald _____	16
2.1.1 Vöxtur - Fræfall _____	4	5. Vélar og verkfæri _____	16
2.1.2 Skaðar _____	4	5.1 Bifreiðar _____	17
2.2 Girðingar _____	4	5.2 Dráttarvélar _____	17
2.2.1 Viðhald girðinga _____	4	5.3 Önnur tæki _____	17
2.2.2 Nýgirðingar _____	4	5.4 Vélaverkstæði _____	17
2.2.3 Viðhald vega og stíga ____	4	6. Útivistarsvæði _____	18
2.3 Skógarhögg _____	5	6.1 Ferðafólk. _____	18
2.3.1 Grisjun _____	5	6.2 Atlavík _____	18
2.3.2 Viðarvinnsla. _____	6	7. Önnur verkefni _____	19
2.4 Hnausplöntur úr skógi ____	7	7.1 Ferðalög, fundarhöld og	
2.4.1 Afhentar hnausplöntur _____	7	erlendar heimsóknir _____	19
2.5 Jólatré _____	7	7.2 Opnun skógarins _____	19
2.5.1 Felling og sala jólatrjáa _____	7	7.3 Trjásafnið í Mörkinni ____	20
2.5.2 Ræktun og hirðing jólatrjáa ____	8	7.3 Tilraunir og viðarmælingar __	21
2.6 Hirðing ungskóga _____	8		
2.6.1 Kjarrhreinsun _____	8		
2.7 Gróðursetningar _____	9		
2.7.1 Gróðursetning			
Hallormstað 1996 _____	9		
2.8 Önnur lönd _____	10		
2.8.1 Höfði _____	10		
2.8.2 Jórvík _____	10		
2.8.3 Skriðuklaustur _____	10		
2.8.4 Arnaldsstaðir _____	10		
2.8.5 Eiðar og Gröf _____	10		
2.8.6 Heydalir _____	10		
2.8.7 Múlastekkur _____	10		

Töfluskrá

	Bls
Tafla 1 Frætísla _____	4
Tafla 2 Grisjun ungskóga 1996 _____	5
Tafla 3 Afhentur viður 1996 _____	6
Tafla 4 Afhending girðingastaura 1996 _____	6
Tafla 5 Sala á arinvið 1986 til 1996 _____	7
Tafla 6 Afhentar hnausplöntur 1996 _____	7
Tafla 7 Sala á jólatrjám 1996 _____	8
Tafla 8 Sala á jólagreinum _____	8
Tafla 9 Kjarrhreinsun 1996 _____	9
Tafla 10 Gróðursetning heimalönd Hallormsstað _____	9
Tafla 11 Gróðursetning Höfða _____	10
Tafla 12 Sáning og græðlingastunga 1996 _____	12
Tafla 13 Afhentar skógarplöntur 1996 _____	14
Tafla 14 Áætluð afhending skógarplantna 1997 _____	15
Tafla 15 Gistinætur 1993 til 1996 _____	18
Tafla 16 Gisting eftir mánuðum 1993 til 1996 _____	18

Starfsskýrsla Skógræktar ríkisins Austurlandi

1. Almennt

1.1 Veðurfar - veðurmælingar

Veturinn var frekar mildur og snjólítill, fyrsta snjófölið kom 5. febrúar en tók fljótlega upp. Um miðjan febrúar var 25 cm snjólag í skógi, snjólaust var í lok mánaðarins og hélst það til vorkomu. Einmuna blíða var í mars en aprílmánuður töluvert úrkomusamur, ófært var í skóg vegna aurbleytu. Fljótið lagði ekki á árinu. Vorið var fremur kalt, þó fór hitinn í 19 °C 10. maí. Hlýindi voru um miðjan júní. Birkiskógurinn var allaufgaður um 15. júní. Júlímánuður var bjartur með miklum hlýindum. Haustið var milt og úrkomulítið, fyrsta næturfrost mældist 26. ágúst. Fyrsta snjóföl kom 10. október. Í nóvember var að mestu snjólaust en töluvert frost var síðustu vikunar. Eftir miðjan desember tók að snjóa, með all nokkru frosti í lok mánaðarins.

Veðurmælingar eru gerðar með sjálvvirkri veðurstöð við Hallormsstaðabæinn. Veðurstofa Íslands sækir mælingargögn á klukkustundar fresti í gegnum síma.

1.2 Starfsfólk ársins 1996

Á árinu komu alls 34 á launaskrá deildarinnar. Vinnustundir voru 33.661 um 2000 vinnustundum fleiri en árið 1995. Katrín Ásgrímsdóttir hætti starfi ræktunarstjóra í júní. Bergrún Arna Þorsteinsdóttir garðyrkjumaður hefur tekið við starfi hennar. Heilsársmenn voru tíu. Fastir starfsmenn fóru í ferð til Húsavíkur 25. september og skoðuðu nýja sögunarmyllu, gist var á Vöglum. Skólendi og starfssemi Skógræktar ríkisins á Vöglum skoðuð í fylgd heimamanna.

1.3 Mötuneyti

Mötuneyti Skógræktar var rekið yfir sumarmánuðina að venju. Rekstur hófst 13. maí og endaði 23. ágúst. Ráðskonur voru Sigrún Ólafsdóttir fyrstu 5 vikunar og þá tók Guðlaug Kröyer við.

Heilir fæðisdagar urðu 868,5.

Starfsmenn sem búa í Mörkinni reka saman mötuneyti á öðrum tímum ársins.

2. Skógur og skóggræðsla

2.1 Vöxtur og þrif trjágróðurs

2.1.1 Vöxtur - Fræfall

Vöxtur var allgóður í greni og furutegundum. Vöxtur lerkis var í meðallagi. Lítið var um fræ í ár á flestum tegundum að undanskilinni lindifuru og reynivið, sem árlega mynda mikið af fræi. Einungis var safnað af þessum tegundum.

Teg.	Kvæmi	Kg.(könglar)
Lindifura	Mörk	62
Reyniviður	Hall.	13

Tafla 1 Frætínsla

Að frumkvæði Héraðsskóga var hafin söfnun á lerkifræi í desember 1995. Styrkur fékkst frá Atvinnuleysistryggingarsjóði í verkefnið fyrir allt að 20 starfsmenn í þrjá mánuði. Starfsmenn Héraðsskóga söfnuðu til loka mars og féll aðeins úr einn dagur vegna veðurs. Safnað einungis af völdum kvæmum af rússalerki í Hallormsstaða- og Víðvalla-skógi. Skógrækt ríkisins Hallormsstað sá um forþurrkun köngla, vigtun, pökkun og sendingu í Tumastaði til áfarmhaldandi meðhöndlunar. Alls fengust 250 kg af fræi úr áttakinu.

2.1.2 Skaðar

Frostskemdir voru ekki áberandi í skóginum.

Lítið var um skemmdir af völdum á sitkalúsar á Héraði, en aftur á móti var töluvert um lús á Suðurfjörðum.

2.2 Girðingar

2.2.1 Viðhald girðinga

Farið var með öllum girðingum er líða tók á sumar. Veturinn 1995 til 1996 var mjög snjóléttur, viðhald hefur sjaldan eða aldrei verið minna, þrátt fyrir að margar girðinganna séu orðnar gamlar og lélegar.

2.2.2 Nýgirðingar

Skógrækt ríkisins tók þátt í kostnaði við sameiginlega girðingu. Girðingin er samstarfsverkefni Skógræktar ríkisins, Héraðsskóga, Vegagerðar ríkisins, Egilsstaðabæjar og Vallahrepps. Annars vegar er girt að framan verðu frá Útnyrðingsstöðum, yfir (Hálsinn) að þjóðvegi við Köldukvísl og þaðan upp í Gagnheiði meðfram Valagilsá. Hins vegar að utan verðu frá Uppsölum í Eiðabínghá að Fardagafossi og upp í Gagnheiði.

Ákveðið var að girða ekki eftir Gagnheiðinni að ofan verðu til að byrja með, til að sjá hvort ágangur búpenings verði það mikill, að girða þurfi þetta erfiða girðingasvæði. Lokið er sjálfri girðingavinnunni. Vorið 1997 mun Vegagerðin ganga frá ristarhliðum við Köldukvísl á Fagradal og ofan Lönguhlíðar í Fjarðarheiði. Hluttur Skógræktarinnar er 28% af stofnkostnaði eða 630 þús. kr. Reiknað er með að 5 til 7% af stofnkostnaði fari í árlegt viðhald.

Land Skógræktarinnar á Höfða friðast fyrir ágangi búfjár við framkvæmd þessa.

2.2.3 Viðhald vega og stíga

Selvegur var malborin frá Þjóðvegi að Kerlingará og að mestu frá Króklæk inn að Jökullæk. Malbórið frá Selvegi upp fyrir stafafuru í Stórhól. Borið var í veginn frá Ormsstöðum að Dýás. Mól var tekin úr námu utan við Ormsstaði. Vörubíll og traktor skógræktar voru notuð við vegagerðina.

2.3 Skógarhögg

2.3.1 Grisjun

Í janúar var grisjaður birkiskermur yfir blágreni í R- 710,13. Grisjaður birkiskermur yfir fjallapin R- 804, 12, lindifuru R- 804,15, hvítgreni og stitkabastarði R- 804,14, í Ljósárkinn.

Byrjað að grisja lerki (arkangelsk) í Ljósárkinn þann 8. janúar. Í desember voru grisjuð þau tré sem hægt var að tína köngla af vegna fræsöfnunar Héraðsskóga. Einnig var grisjað lerki (raivola '58) í Lýsishól til að auðvelda notkun "körfuvagns" við könglatísl. Grisjun lerkis í reit á milli vega innan Króklækjar og inn að efstu bílastæðum Atlavíkur sem hafin var 1995 er að fullu lokið. Þann 25. janúar byrjað að grisja lerkitilraun í Partinum og haldið áfram upp í Mylluhvamm, verkinu lauk 14. febrúar.

Búið er að fara yfir og grisja allt lerki í Partinum á þrem undanförunum árum.

Þann 20. til 28. mars var á Freyshólum grisjaður lerkiskógur Baldurs Jónssonar alls 1,9 ha. Grisjað senkúrsk lerki innan við bergfuru í Stóruvík í Hafursárlandi, lokið var við að grisja helming af reitsins.

Tegund.	Kvæmi.	Staður.	Reitur.	Ha.
Lerki	Arkangelsk	Ljósárkinn	804,3,9	1,0
Lerki/ýmsar teg	Ýmis/sjá spjalds.	Ljósárkinn	804,12,13,14	0,6
Lerki	Senkursk/Irkutsk	Neðan Atlav.stekk	706,1,3	0,4
Lerki	Ýmis/sjá spjalds.	Neðan Atlav.stekk	710,9v.þjóðv,10	0,4
Lerki	Tilraun	Partur	300,16	0,7
Lerki	Raivola	Lýsishóll	405,8	0,6
Lerki	Askiz	Partur	303,6,7,9	0,6
Lerki	Askiz	Partur	304,1	0,1
Lerki	Senkúrsk	Hafursá	200,2(½)	2,5
Lerki	Altai	Freyshólar (Baldur)	Utan grafnings	0,5
Lerki	Ýmis	Freyshólar (Baldur)	Innan grafnings	1,4
			Alls	ha 8,8

Tafla 2 Grisjun ungskóga 1996

Lauffellt var úr svæði frá Þjóðvegi ofan við Mörkina neðan Fjósakambs, frá Selvegi inn að Kerlingará, upp með skurði að svæði innan Réttarkletts. Felldur skermur ofan af rauðgreni R-604,1,2,3. Grisjaður skermur yfir blágreni og sitkabastarði R-604,4. Felldur skermur ofan af stafafuru og fleiri tegundum R- 604,7,9,10. Grisjaður skermur yfir blágreni og hvítgreni R- 605,11,12.

2.3.2 Viðarvinnsla.

Ekki hefur áður verið birkt jafn mikið af sumarfelldu birki bolvið og eru góðar birgðir til uppi í Stöð. Gerð var tilraun með að fletta birki að ósk útskurðarfólks. Flett var bolum sem voru það kvista miklir eða snúnir þ.e. henta ekki til birkingar.

Við erum alltaf að bæta aðstöðu og þróa vinnuaðferðir við flettingu. Nú er svo komið að aðeins einn maður vinnur að jafnaði við flettingu í stað tveggja áður. Flett efni var afhent hingað og þangað um landið. Birkitré h.f. á Egilsstöðum smíðaði hurðir, handrið og predikunarstól í Djúpavogskirkju úr lerki. Afhent efni í parket, gólfborð, þiljur og ýmislegt fleira til einstaklinga um allt land.

Þurrktækið í þurrkgámi bilaði tvisvar á árinu. Helstu vandamál við þurrkun í gámnum er að fergja stæður, hita- og rakastjórnun er handvirk og því frekar ónákvæm.

Nýjung í staurvinnslu er að nú eru sverir staurar látnir fara tvisvar í gegnum birkingarvélina. Breytt hefur verið flokkun staura þ.e. úr sverum og grönnum staurum í fyrsta og annan flokk en gildleiki á að vera 6 cm upp í 9 cm í toppinn. Mesta breyting í afhendingu staura er að Héraðsskógar keyptu eingöngu ófúavarða lerkistaura.


Sala á arinvið í 20 kg pokum minnkaði um 1,4 tonn en sala 10 kg pokum stóð í stað.

	Ein.	magn.
Lerkiborð+plankar	m ³	8,10
Birkiborðviður	m ³	0,53
Birkibolviður óbirt	m ³	2,31
Birkibolviður birkt	m ³	3,70
Lerkibolviður óbirt	m ³	3,47
Viðarkurl	m ³	148,00
Lerkibök	m	310,00
Arinviður (20kg)	pk	1.663,00
Arinviður (10kg)	pk	1.621,00
Spænir (10kg)	pk	118,00

Tafla 3 Afhentur viður 1996

	Ein.	Selt	Til deilda	Alls
Girðingast. fúavarðir	stk	399	10	409
Girðingast. 2 Fl.	"	230	22	252
Girðingast. greni ófúavarðir	"	280		280
Girðingast. ófúavarðir	"	1.420		1.420
Girðingast. fúavarðir	"		22	22
Alls:	stk	2.329	54	2.351

Tafla 4 Afhending girðingastaura 1996



Tafla 5 Sala á arinvið 1986 til 1996

2.4 Hnausplöntur úr skógi

2.4.1 Afhentar hnausplöntur

Söluaukning varð um 150 plöntur. Einn þriðji sölnar var til Hveragerðis í Gróðrarstöðina Núpum, Garðyrkjustöð Ingibjargar og Gróðrarstöðina Grímsstaði.

Aukning sölu á stafafuru og sitkabastarði varð um 100 tré af hvorri tegund. Þessar tegundir eru ræktaðar í plógstrengjum á Hafursá og Mjóanesi. Til að þurfa ekki að bera hnausana á höndum úr plógstrengjunum var leigt sexhjól af Þórnari Rögnvaldssyni Víðivöllum Ytri til flutninganna.

Tegund.	Stærð.	Fjöldi.
Bergfura	060 - 160 cm	77 stk
Blágreini	080 - 180 cm	93 stk
Birki óflokkað	100 - 200 cm	370 stk
Blæosp	080 - 120 cm	15 stk
Sitkabastarður	100 - 160 cm	118 stk
Fjallapínur	100 - 160 cm	27 stk
Lindifura	060 - 160 cm	11 stk
Lerki	040 - 180 cm	149 stk
Stafafura	060 - 160 cm	124 stk
Ýmsar aðrar tegundir		15 stk
Alls:		988 stk

Tafla 6 Afhentar hnausplöntur 1996

2.5 Jólatré

2.5.1 Felling og sala jólatrjáa

Fyrstu stóru trén voru felld í lok nóvember. Tré KHB á Egilsstöðum, sitkagreni úr Hrafnsreit var fellt 2. desember, 13,5 m að hæð og er það hæsta jólatré sem fellt hefur verið í skóginum. Byrjað var að fella minni trén (undir 3 m) 4. desember í Jórvík, þar féllu 73 blágeni og 63 rauðgreini. Um 9% aukning var í sölu jólatrjáa milli ára.

Seld voru tuttugu 2. fl. tré sem sett voru á súlur milli verslan a í Miðvangi 2-4, er þetta nýjung í notkun jólatrjá.

Sala jólatrjáa

Stærðarflokkar	Trjátegundir				
	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Alls
0.70-1.00 m	24	3	33	1	61
1.00-1.25 m	105	29	85	2	221
1.26-1.50 m	206	50	144	2	402
1.51-1.75 m	118	36	74	4	232
1.76-2.00 m	26	13	22	6	67
2.01-2.50 m	5	1	1	6	13
2.51-3.00 m	15	1	1	1	18
3-4 m	19		1	2	22
4-5 m	5			1	6
5-6 m	2			1	3
6-7 m	4				4
7-8 m	1				1
8-9 m	3				3
9-10 m	1				1
11-12 m	1				1
12-13 m	2				2
13-14 m	1				1
2 fl.rauðgreni bl. hæð	20				20
Alls:	558	133	331	26	1078

Tafla 7 Sala á jólatrjám 1996

Fjallapínur	345 kg
Broddfura	63 kg
Stafafura	72 kg

Tafla 8 Sala á jólagreinum

2.5.2 Ræktun og hirðing jólatrjáa

Lokið við að dreifa kurli í kringum yngstu jólatrjáaplöntur í Mörkinni. Borið bláhorn á jólatrjáreitina í Mörkinni 10 grömm á plöntu.

2.6 Hirðing ungsjóga

2.6.1 Kjarrhreinsun

Kjarrhreinsun og frágrísjun var með allra mesta móti. Byrjað var 22. janúar og haldið áfram til 20. febrúar þegar fór að snjóa. Farið var yfir þau svæði af lerki sem grísjúð voru í gamla skóginum. Einnig farið yfir hvítgreni, rauðgreni, stafafuru, lindifuru í Parti og Mylluhvammi. Seinni kjarrhreinsunarlotu stóð frá 29. júlí til 16. ágúst. Þá var farið yfir svæði frá Markarvegamótum, ofan Selvegjar, inn að Kerlingará og upp fyrir Réttarklett. Á þessu svæði eru ýmsar tegundir mest af blágreni og rauðgreni. Víða var grenið gjörsamlega á kafi í teinungi.

Kjarrhreinsun

Tímabil	Tegund	Staður	Reitur/deilireitur	Stærð í ha.
19.01 til 24.01	Lerki *	Ofan v. Þjóðveg	710,10	0,2
19.01 til 24.01	Blágreni	Ofan v. Þjóðveg	710,13	0,3
25.01 til 20.02	Lerki *	Partur	300,14,16	0,8
25.01 til 20.02	Hvítgreni	Partur	300,12,13	0,9
25.01 til 20.02	Lerki *	Partur	303,6,7,8,9	0,8
25.01 til 20.02	Ýmsar	Partur	303,1,4,10	1,1
25.01 til 20.02	Lerki *	Partur	304,1,9	0,6
25.01 til 20.02	Lindifura	Partur	304,11	0,8
25.01 til 20.02	Stafafura	Partur	304,13	1,2
29.07 til 16.08	Rauðgreni	Ofan v. Mörk	604,1,3,4	0,4
29.07 til 16.08	Blágreni	Ofan v. Mörk	604,4	2,4
29.07 til 16.08	Stafafura o. fl.	Ofan v. Mörk	604,7,8,9,10	1,5
29.07 til 16.08	Hvítgreni	Ofan v. Mörk	605,11	0,2
29.07 til 16.08	Blágreni	Ofan v. Mörk	605,12	1,6
29.07 til 16.08	Rauðgreni	Inn af Borgarg.	407,4	0,8
			Samtals	13,6 ha.

* Hreinsun á birkiteinung vegna grisjunar.

Tafla 9 Kjarrhreinsun 1996

2.7 Gróðursetningar

2.7.1 Gróðursetning Hallormsstað 1996

Gróðursetning var með minnsta móti eins og sjá má í töflu 10.

Í lok júní gróðursett blágreni og rauðgreni í gömlu hestagirðingu ofan við Hafursá.

Tegund	Kvæmi	Aldur	Fræ- númer	Pl. gerð	Reita- númer	Hafursá	Athugasemdir
Blágreni	Blue Joint	1/2	920020	fp-35	216	1925	Hestagirðing
Rauðgreni	Drevja	3/0	880020	fp-40	216	2600	
					Samtals	4525	

Tafla 10 Gróðursetning heimalönd Hallormsstað

2.8 Önnur lönd

2.8.1 Höfði

Pröstur Eysteinnsson fagmálastjóri og fjölskylda gróðursettu lerkikvæmatilraun Hrafnavík. Einnig gróðursettu þau ýmsar tegundir og kvæmi ofan þjóðvegjar (sjá töflu 11).

Tegund	Kvæmi	Aldur	Frænumer	Pl. gerð	Reita-númer	Alls
Lerki	Ýmis kvæmi			fp-35	Katröflug. Hrafnavík	1.875
Blágreini	Rio Grande	2/0	940008	fp-40	Katröflug. Hrafnavík	800
Blágreini	Rio Grande	2/0	940008	fp-40	132,133,137	1.470
Hvítgreini	Ýmis kvæmi			fp-40	132	280
Sitkabastarður	Seward	3/0	910002	fp-40	132	120
Sitkagreni	Tumastaðir	3/0	910035	fp-40	137	40
Rauðgreini	Drevja	1/3	880022	Mb	137	50
Glitgreini	Sahkalín frá Tum.	2/0	tilraunpl.	fp-40	132	15
R. lerki	Vendenga	1/0	950014	fp-40	124	170
R. lerki	Ímatra	á/4	ágrædd	2 l.p.	124	20
Stafafura	Tutshi Lake	2/0	930003	fp-40	132	40
Lindifura	Mörk Hall.	2/0	900022	fp-35	132	20
Fjallapínur	Frá Vöglum	3/0		fp-35	132	115
Risalfviður	Herring Cove	4/0	f 79033	fp-40	138	20
Marþöll	Haines	4/0	f 80049	fp-35	138	6
Birki	Bæjarstaðaskógur	1/0	940018	fp-35	133	150
Álmur	Ormsstaðir	1/2	920012	Mb	Norðan íbúðarlóðar	35
				Samtals		5.226

Tafla 11 Gróðursetning Höfða

2.8.2 Jórvík

Farið með girðingunni í júlíbyrjun. Höggvin 136 jólatré í byrjun desember.

2.8.3 Skriðuklaustur

Með bréfi frá Landbúnaðarráðuneyti í apríl 1995 var Skógrækt ríkisins afhent land vestan þjóðvegjar til umráða. Umráðaréttinum fylgir sú skylda að verja landið fyrir ágangi búfjár, hirðing og grisjun svæðisins. Ekkert var unnið á svæðinu.

2.8.4 Arnaldsstaðir

Ekkert gert á svæðinu.

2.8.5 Eiðar og Gröf

Girðingin reist við hjá Fljótsbakka eftir innrás nauta.

2.8.6 Heydalir

Ekkert gert í svæðinu við Tinnudalsá.

2.8.7 Múlaskurur

Eypór Hannesson í Birkihlíð sá um viðahald girðingarinnar.

3. Gróðrarstöð

3.1 Fræplöntur

Framleiðsla dróst saman um 8% árið 1996 miðað við árið áður. Sáð og prikklað var í 18.915 bakka eða 918.084 göt.

Gróðurhús I. Plöntur voru fluttar út úr húsinu í byrjun apríl. Lokið við að sá og bleyta 7. maí. Sáningin kom ágætlega út nema grenið sem spíraði seint, þó nægjanlega svo hægt væri að prikkla í fulla bakka.

Í byrjun júní var stungið græðlingum, ösp og í víðitilraun einnig dreifsáð í birkitilraun.

Í júlí var sáð birki og stafafuru til að fylla húsið. Bleytt var í þeirri sáningu 10. júlí. Grenið og plöntur úr seinni sáningu voru inni í árslok en lerki, stafafura og ösp voru flutt út 15. júlí og tilraunarbirkið aðeins síðar.

Áður en sáning hófst var allt húsið sótthreinsað með IP-225 og úðað frædrepanði lyfi meðfram veggjum og gangstíg, til að fyrirbyggja illgresi og grásvepp sem bar á í fyrra. Illgresið lét ekki kræla á sér fyrr en síðsumars. Aðeins bar á grásvepp í toppi plantna.

Í árslok voru inni í húsinu mýralerki, bergfura, hvítgreni, sitkabastarður, blágreni, rauðgreni, stafafura, birki, reyniviður, lindifura og dvergfura.

Gróðurhús II. Um veturinn var greni og þinur geymdur í húsinu, en grenið flutt út um miðjan maí. Sáð var birki, lerki og greni í 2/3 af húsinu, það bleytt 20. maí. Húsið fyllt með birki og bleytt 10. júlí.

Birkið úr fyrri sáningu var flutt út 1. ágúst. Lerkið og birkið úr síðari sáningu var flokkað, þétt og flutt út í lok nóvember. Í árslok voru inni í húsinu fjallapinur, blágreni og sitkagreni.

Sáning og græðlingastunga 1996

SÁN-TÍMI	TEGUND	KVÆMI	FRÆ-NÚMER	BAKKA-GERÐ	BAKKA-MAGN	ÍSÁÐ GÖT
7.maí	Mýralerki	Delta J.	920010	67	104	6,968
7.maí	R. lerki	Imatra	930026	40	1.352	54.080
7.maí	R. lerki	Kärkölä	930024	40	2.080	83.200
7.maí	R. lerki	Vendenga	950014	40	156	6.240
7.maí	Bergfura	Hanstholm	930004	40	104	4.160
7.maí	Stafafura	Tutshi Lake	950012	40	702	28.080
7.maí	Hvítgreni	Kenai	950013	40	936	37.440
7.maí	Sitkabast.	Seward	940001	40	1.248	49.920
7.maí	Blágreni	Carson	890003	24	468	11.232
7.maí	Rauðgreni	Hemnes	950007	35	234	8.190
7.maí	Stafafura	Tutshi Lake	950012	35	182	6.370
30.maí	Blágreni	Blue Joint.	920019	40	1.044	41.760
30.maí	Sitkagreni	Tumastaðir	940048	40	1.154	46.160
30.maí	Sitkagreni	Tumastaðir	940048	67	316	21.172
30.maí	R. lerki	Imatra	950047	67	748	50.116
30.maí	R. lerki	Imatra	930026	67	330	22.110
30.maí	R. lerki	Vendenga	950014	67	110	7.370
30.maí	Birki	Hallormsstaður	950049	67	2.222	148.874
30.maí	Birki	Hallormsstaður	950049	24	506	12.144
30.maí	Hengibjörk			35	525	18.375
10.júlí	Stafafura	Tutshi Lake	950012	67	1.014	67.938
10.júlí	Birki	Hallormsstaður	950049	67	2.328	155.976
10.júlí	Birki	Freyshólamýri	920025	35	149	5.215
10.júlí	Broddfura	Mörk		35	48	1.680
10.júlí	Steinbjörk			35	10	350
11.júní	Birki-tilraun	25 Kvæmi		35	200	7.000
			Alls:		18.270	902.120
Gæðlingastunga og dreifplöntur í bakka.						
2.maí	Fjallapínur	Arapaho	940007	24	258	6.192
11.júní	Alaskaösp	Kenai/Halla		24	566	13.584
12.júní	Tilraun	Ösp/víðir		35	44	1.540
12.júní	Reyniviður	Hallormsstaður	dr.	24	35	840
			Alls:		903	22.156
Samtals sáning og dreifplöntur:					19.173	924.276

Tafla 12 Sáning og græðlingastunga 1996

Sáð og stungið tveimur tilraunum fyrir Rannsóknarstöðina á Mógilsá. 1) Birkitilraun sem samanstendur af 25 ísl. afkvæmahópum, 2) 8 klónum af ösp úr alaskasafninu og 16 klónum af víði, mest gljávíði.

Skógræktin fékk sendar afklippur af strandavíði frá Selárdal í Hólmarvíkurhreppi og var þeim stungið í bakka.

Haustsáning. Sáð var 2 kg af reyniviðarfræi sem Jón Loftsson safnaði á Hrafnkellsstöðum í Fljótsdal, einnig var sáð 0,5 kg af reyniviðarfræi frá Narssarsuaq á Grænlandi. Sáð var 1,7 kg af reyniviðarfræi safnað á Atlavíkurstekk og 2 kg sem tínd voru meðfram þjóðveginum niður af Hallormsstaðabænum. Af lindifuru var sáð 8,8 kg. Gerð var prófun á að meðhöndla fjögur kíló af fræinu með brennisteinssýru til að lina fræskelina.

Sáð var 4 hnetum af hrossakastaníu sem Lárus Hreiðarsson sendi frá Finnlandi (Ekenes). Sáð valhnotutré, eik og kastaníu sem Bjarki Sigurðsson starfsmaður skógræktarinnar á Hallormsstað kom með frá Hollidaysbug, Pensylvania, USA og aski sem Jón Guðmundsson á Hallormsstað fékk sent frá High Wicombe, Bretlandi.

Vöxtur og þrif. Plöntur komu misjafnlega vel undan vetri. Um haustið 1995 gerði frost síðast í ágúst og aftur í byrjun september. Mikið kal var í sitkabastarði 2/0, um vorið virtist blágrenið 2/0 ekki vera mikið skemmt, er líða tók á sumar kom fram kal í toppi og uxu þær lítið sem ekkert, en mynduðu klasa af brumum í toppi. Lerkið var mikið kalið allt að 55%, orsökina gæti verið frosthörkur um áramótin '95-96, engin snjór var þá yfir plöntunum. Birki var aðeins kalið. Ekkert sá á stafafuru, bergfuru, hvítgreni og rauðgreni.

Vorið var frekar kalt en fyrstu dagarnir í maí voru hlýir en síðan kólnaði og var kalt fram undir miðjan júní. Plöntur sem voru úti, fóru seint af stað, brum þrútnuðu fyrst í maí en síðan gerðist ekkert fyrir en hlýnaði.

Útbúin var skygging á helming ræktunarplans I. Allt sitkagreni og sitkabastarður var skyggt, einnig stærsti hluti af blá- og rauðgrenis.

Fyrsta haustfrost var aðfaranótt 26. ágúst, en gerði ekki mikinn skaða því búið var að skyggja mest allt greni og var skyggingardúkur hafður yfir um nóttina. Frostið virtist ekki hafa haft nein áhrif á aðrar tegundir að séð verður.

Keyptir voru 2000 stk. 150 ml (fp-24) fjölpottabakkar frá BCC Svíþjóð. Sáð var í þá blágreni og prikkláð fjallapin til jólatrjáaframleiðslu, einnig var stungið í þá ösp. Hugsanlega eru þeir of stórir fyrir ösp í eins árs ræktun því rótarhnaus verður ekki nógu góður. Keypt voru 500 stk. 50 ml (fp67) fjölpottabakkar frá BCC Svíþjóð með loftrauf. Illa gekk að fylla í bakkana, moldin var ekki nógu rök svo hluti af moldinni rann út um loftraufar.

3.2 Afhending skógarplantna

Afhending hófst mjög snemma í vor. Héraðskógar byrjuðu að sækja plöntur 12. apríl en skiluðu megninu til baka, því ekki var hægt að koma plöntunum niður vegna frosts í jörð. Þann 15. maí kom Selfossbíll S.r. að sækja plöntur í Nytjaskógrækt á bújörðum, einnig fyrir Skógræktarfélag Árnesinga.

Fyrsta afhending í Landgræðsluskóga var 17. maí. Farið var yfir allar plöntur sem afhentar voru. Of mikill tími fór í að þetta sitkabastarð 2/0 og voru í staðinn afhentar 1/0 plöntur. Kal í blágreni 2/0 kom í ljós eftir vorafhendingu og var sérstaklega samið um það við Héraðskóga.

Síðasti afhendingardagur var 23. október til Héraðskóga. Í geymslu eru 50 þúsund plöntur fyrir Héraðskóga sem teknar verða næsta vor.

Afhentar skógarplöntur 1996

Tegund	Kvæmi	Fræ- númer	Fp- gerð	Aldur	Magn	Par af afhent til:					
						Héraðs- skógar	Landgr.- skógar	Bænda- skógar	S.r.	Sala	**Barri
Alaskaösp	Kenai		24	1/0	21.347	21.347					
Alaskaösp	Kenai		35	1/0	6.945	6.930				15	
Álmur	Mörk Hall.		mób	2/2	24	24					
Bergfura	Hanstholm	920003	40	2/0	2.916	2.000				916	
Bergfura	Hanstholm	930004	40	1/0	1.000		1.000				
Birki	Bæjarstaður	940018	67	1/0	143.786		142.576			1.210	
Birki	Mógilsá	940017	67	1/0	58.557		45.895		4.020	8.642	
Birki	Bæjarstaður	940018	35	1/0	7.327					7.327	
Birki	Freyshólam	920025	40	2/0	5.975					5.975	
Birki	Hallormsst.	940049	67	1/0	2.042					2.042	
Blágreni	Rio Grande	940008	40	2/0	105.847	75.000	28.520			2.327	
Blágreni	Blue Joint	920020	35	1/2	2.648				1.925	723	
Broddfura	Mörk Hall.	910021	40	2/0	342				80	262	
Dvergfura	Syd Tyrol	930008	24	1/1	164					164	
Fjallapínur	Kootenai	910006	40	4/0	243					243	
Hvítgreni	Anchorage	880031	40	2/0	33.601	31.640		480	200	1.281	
R. lerki	Imatra	930027	67	1/0	79.458		54.806	4.020	12.328	8.304	
R. lerki	Imatra	920007	67	2/0	11.333					11.333	
* R. lerki	Metsä-Ihala	950009	67	1/0	52.327		2.613	44.019	5.695		
Lindifura	Mörk Hall.	900022	35	2/0	2.215	1.820			70	325	
Marþöll	Haines	f80049	40	4/0	110	80				30	
Mýralerki	Delta Jun.	920010	67	1/0	10.270	10.000				270	
Rauðgreni	Drevja	880020	40	2/0	15.000	15.000					
Rauðgreni	Drevja	880020	40	3/0	3.612				2.600	1.012	
Risalífviður	Herring c.	f79033	40	4/0	160	80			40	40	
Sitkabast	Seward	940001	40	1/0	48.020	27.800				220	20.000
Sitkabast	Seward	940001	40	2/0	111.520	85.560					25.960
Sitkabast	Seward	910002	40	3/0	2.160		2.160				
Sitkagreni	Tumastaðir	940008	40	1/0	49.241					241	49.000
Sitkagreni	Tumastaðir	910035	40	2/0	43.680		1.760			36.880	5.040
Stafafura	Tutshi Lake	930003	40	1/0	17.528				5.744	11.784	
Stafafura	Tutshi Lake	930003	67	1/0	58.893		58.893				
Stafafura	Tutshi Lake	930003	40	2/0	40					40	
Stafafura	Taraldsöy	930028	67	2/0	12.000		12.000				
Stafafura	Taraldsöy	930028	40	2/0	8.320				3.280	5.040	
Samtals:					918.651	277.281	350.223	48.519	35.982	106.646	100.000

* 50.000 ræktað hjá Barra

**100.000 greniplöntur ræktaðar fyrir Barra

Tafla 13 Afhentar skógarplöntur 1996

Áætluð afhending skógarplantna 1997

Tegund	Kvæmi	Frænuúmer	Gerð	Aldur	Magn
Alaskaösp	Halla		fp-24	0/1	4.700
Alaskaösp	Kenai		fp-24	0/1	5.300
Bergfura	Hanstholm	930004	fp-35	2/0	22.000
Bergfura	Hanstholm	930004	fp-40	2/0	19.000
Birki	Hallormsstaður	950049	fp-24	1/0	4.200
Birki	Hallormsstaður	950049	fp-67	1/0	160.000
Birki	Freyshólamýri	920025	fp-35	1/0	3.000
* Blágreini	Rio Grande	940008	fp-40	3/0	12.500
Blágreini	Rio Grande	940008	fp-40	2/0	48.000
Blágreini	Purden Mnt.	870009	fp-40	2/0	24.000
Blágreini	Blue Joint	920020	fp-24	1/3	150
Broddfura	Mörk Hall.	910021	fp-40	3/0	350
Dvergfura	Syd Tyrol	930008	fp-24	1/1	1.000
Fjallapínur	Arapaho	940007	fp-35	3/0	5.000
Fjallapínur	Kootenai	910006	fp-40	5/0	3.500
Fjallapínur	Upper Clim.	920016	fp-35	4/0	2.500
Fjallapínur	Blue Joint	920015	fp-35	4/0	1.600
Fjallapínur	Arapaho	940007	fp-35	2/0	7.200
Fjallapínur	Arapaho	940007	fp-24	2/0	250
Gljáhlýnur	Mörk Hall.		fp-24	1/0	80
Hvítgreini	Anorage	880021	fp-40	3/0	4.000
* Mýralerki	Delta Junction	920010	fp-67	2/0	5.000
Mýralerki	Delta Junction	920010	fp-67	2/0	2.000
Mýralerki	Delta Junction	920010	fp-67	1/0	5.500
R. lerki	Imatra	930027	fp-67	2/0	11.500
R. lerki	Imatra	930026	fp-40	1/0	45.000
R. lerki	Kärkölä	930024	fp-40	1/0	70.000
R. lerki	Vendenga	950014	fp-40	1/0	5.000
R. lerki	Imatra	950047	fp-67	1/0	38.000
R. lerki	Imatra	930026	fp-67	1/0	17.000
R. lerki	Vendenga	950014	fp-67	1/0	5.500
Rauðgreini	Drevja	880022	fp-40	3/0	9.000
Rauðgreini	Drevja	880022	fp-35	2/0	6.000
Reyniviður	Mörk Hall.		fp-24	1/0	750
Sitkabast.	Seward	940001	fp-40	3/0	77.000
Sitkagreini	Tumastaðir	940021	fp-40	2/0	108.000
Stafafura	Tutshi Lake	930003	fp-67	2/0	7.000
Stafafura	Tutshi Lake	950012	fp-67	1/0	47.000
Stafafura	Tutshi Lake	950012	fp-40	1/0	27.000
Stafafura	Tutshi Lake	950012	fp-35	1/0	5.500
		Samtals:			820.080

* plöntur toppkalnar

Tafla 14 Áætluð afhending skógarplantna 1997

3.3 Nýframkvæmdir

Gróðurhús I. Skipt um plast á fremri stafni, eftir er að skipta um plast á gluggum. Keyptur nýr vír til að draga vökvunarþómu, einnig drifhjól á framdráttarmótór. Endurnýjaður helmingur af vökvunarslöngu í húsinu.

Ræktunarplan I. Settir niður staurar meðfram báðum beðum á ytri helming og útbúin aðstaða til skyggingar.

Ræktunarplan III. Keyrt var mold úr planinu og sett mül í staðin.

Annað. Sigurður Eiríksson smíðaði moldarblandara og er hann tengdur við moldarfyllingavél með færibandí.

3.4 Ýmislegt í gróðrarstöð

Dúkurinn á Gróðurhúsi II rifnaði 11. mars á þremur stöðum og var gert við það strax. Í leysingum hljóp Kerlingaráin og fyllti ofan stíflu af aur og mül. Plankalokun var tekin úr stíflunni til útskolunar. Æskilegt er að plankalokun sé tekin úr á hverju hausti.

Sóttur var einn vagn af vikri út í Lambaból og vikurinn sigtaður. Sagaðir niður víðirunnar við gróðurhús og ræktunarplön. Grisjað var gráelribelti neðan við plan III. Klíppt voru öll limgerði í ræktunarreitum.

4. Húseignir

4.1 Viðhald

Skrifstofa. Skrifstofur og andyri málað að innan. Hellulagt var við andyri og smíðað blómaker við stétt. Tölvum fjölgað í fjórar, bætt var við notaðri vél frá Aðalskrifstofu og nýrri Pentium 133 vél. Þrjár vélar eru nú samtengdar.

Markarhús. Keypt í eldhús ný Zanussi LS6 uppþvottavél frá Jóhanni Ólafssyni & Co.

Akurgerði. Skipt var um þéttikanta í gluggum á efri hæð og sett upp ný AEG vifta yfir eldavél. Um miðjan desember var settur upp nýr sænskur CTC viðar- og rafmagnsmiðstöðvarketill frá Ljósgrjafanum á Akureyri.

Útihús og vinnusvæði. Smíðaðir rekkar til geymslu á smíðavið uppi í Stöð. Reist viðarskýli 6 x 24 m á ytra viðarvinnsluplani. Byggingarefnið var úr danspallinum, sem rifin var í Atlavík. Lokið við að ganga frá öllu nema jární á þakið.

Höfði. Í byrjun janúar fraus í neysluvatnslögn um það bil 600 m frá bænum. Brjóta þurfti upp klaka og ís á 20 m kafla. Skipt var um 20 metra af lögninni og hún grafin dýpra niður. Íbúðarhúsið málað. Íbúðarhúsið selt í desember Þresti Eysteinsyni fagmálastjóra Skógræktar ríkisins. Lóðarleigusamningur var gerður um 0,9 ha lóð í umhverfis húsið.

5. Vélar og verkfæri

5.1 Bifreiðar

U - 3357 Benz vörubifreið árg. '71.
Skipt um rafgeyma, spennustilli, gert við rafal. Skipt um baksýnispegla.

DN - 908 Ford Pickup árg. '74.
Skipt um heddþakningu, ventla, vatnslás, nokkra hjöruliði, spindillegur. Heddið planað á Seyðisfirði.

RH - 103 Toyota Hi-lux árg. '92.
Skipt um dempara og öxulhosur.

5.2 Dráttarvélar

UD-784 Deutz.
Keyptir nýir hjólbarðar að framan. Aurbretti að aftan styrkt, startari tekin í gegn.

UD-11 Ferguson..
Keypur rafgeymir og skipt um kerti.

UD-374 Ford 5000.
Mótor gerður upp, gert við slit í frambita, sett 4 ný vinnuljós og rafkerfi lagað, öll vélin máluð. Keyptur nýr vökvaskiptir í stað þess sem sprakk. Keyptir nýir hjólbarðar að aftan.

5.3 Önnur tæki

Gamla flettisögin seld í Þrándarstaði Eiðþingá.
Keypt nýtt viðarspil af gerðinni Igland 3502 frá Noregi.
Eldra spil var afhent S.r. í Skorradal.
Keypt lítið notuð Jonsered RS 45 kjarrsög af Skúla Björnssyni.

5.4 Vélaverkstæði

Skipt var um rafmótora og víftur í eimsvlabúnti yfir vinnuborði.

6. Útivistarsvæði

6.1 Ferðafólk.


Fjöldi gistinguátta 1993 - 96.

	1993	*1994	1995	1996
Júní	551	594	979	694
Júlí	1487	5754	4303	7628
Ágúst	1097	3090	5951	2960
Alls:	3135	9438	11233	11283

Fjöldi gistinguátta 1996

	Ísl.gestir	Erl.gestir
Júní	632	62
Júlí	6974	654
Ágúst	2524	436
Alls:	10130	1152

Tafla 15 Gistinguátta 1993 til 1996



Tafla 16 Gisting eftir mánuðum 1993 til 1996

* Fyrsta árið sem 12 ára og yngri eru með í talningu.

6.2 Atlavík

Keypt voru fjögur hreinlætishús frá Burkna í Saurbæjarhreppi Dalasýslu og tvær útisnyrtingar með þaki frá Hamralandi á Egilsstöðum. Eitt húsið er sérhannað fyrir fatlaða og ungabörn. Sett voru 4 hús þar sem grunnar undan bretabröggnum voru, og eitt hús við hópsvæði. Gömlu rotþrærnar voru teknar upp ásamt klósetthúsunum. Keyptar voru nýjar rotþrær frá Sæplasti á Dalvík. Skipt um jarðveg í húsgrunnunum. Grafnar tvær 4 þús. lítra rotþrær (raðtengdar) og grafin 80 m siturlögn fyrir húsin fjögur. Grafin var 5600 l rotþró og 40 m siturlögn við hreinlætishús við hópsvæðið. Hellulagt var í kring um húsin í allt 120 m². Jaðrðvegur sem kom úr grunnum og siturlögnum var nýttur í jöfnunarlag undir ný tjaldsvæði, þar sem danspallur stóð áður. Tjaldsvæði neðan við stóru flötina sléttað og þökulagt. Þökulögð tjaldsvæði samtals 1415 m². Stækkuð bílastæði við stóruflötina. Smíðaðir sorpkassar fyrir plastpoka úr tré, 3 stk. tveggja hólfa og 10 stk. einfaldir. Settar voru síur á neysluvatnslagnir. Tveir gashitarar tengdir á neysluvatn í hreinlætishúsunum við stóru flötina.

7. Önnur verkefni

7.1 Ferðalög, fundarhöld og erlendar heimsóknir

- 12. feb. Einar Axelsson fór í Skorradal, leiðbeindi um notkun viðarspils.
- 8. mars. Skógarvörður á fulltrúafund Skógræktarfélags Íslands.
- 27. mars. Iðnaðarráðherra og formaður fjárlaganefndar í heimsókn.
- 12. apríl. Tveir þýskir fulltrúar alþjóða samtaka um vistvænan landbúnað.
- 17. apríl. Skógarvörður og verkstjóri á viðarvinnslunámskeið í Reykjavík.
- 18. apríl. Starfsmannafundur í Reykjavík, skógarvörður, ræktunarstjóri og verkstjóri.
- 19. apríl. Birkiráðstefna á Hótel Loftleiðum, skógarvörður, ræktunarstjóri og verkstjóri.
- 7. maí. Skúli Björnsson með námskeið í grisjun á Vöglum.
- 14. maí. 20 sænskir skógarbændur skoða skóginn.
- 1. júní. Skógarvörður til Danmerkur og Svíþjóðar vegna votlímingarverkefnis.
- 7. júní. Viðarmiðlun skógræktar ríkisins opnuð í húsi Landgræðslusjóðs.
- 20. júní. 50 manna hópur vegna NSU ráðstefnu er í tvo daga á Héraði.
- 26. júní. Forstjóri Statskog, ásamt tveimur norskum skógræktarmönnum í hestaferð um skóginn.
- 12. júlí. Bæjarstjórnarfulltrúar Runavíkur í Færeyjum skoðuðu trjásafnið.
- 30. júlí. Skógarvörður til Færeyja á fund norrænu trjásafnsnefndarinnar.
- 9. ágúst. Starfsmaður sænska fyrirtækisins Stora í Kanada skoðaði skóginn.
- 19. ágúst. 19 bændur úr Laugardal í Biskupstungum kynna sér skógrækt á Héraði.
- 22. ágúst. Ræktunarstjóri og verkstjóri á aðalfund Skógræktarfélags Íslands í Hafnarfirði.
- 24. ágúst. Eldriborgarar á Austurlandi, 200 manna hópur skoðar trjásafnið.
- 30. ágúst. Starfsmannaferð á Borgarfjörð Eystri.
- 11. sept. Grunnskóli Stöðvarfjarðar skoðar trjásafnið.
- 17. sept. Neskóli á Neskaupstað skoðuðu trjásafnið.
- 20. sept. Fundur vegna votlímingarverkefnis (Nordic Wood).
- 25. sept. Starfsmannaferð á Húsavík og Vaglaskóg.
- 4. nóv. Skúli Björnsson með grisjunarnámskeið fyrir starfsmenn Egilsstaðabæjar.

7.2 Opnun skógarins

Skógardagurinn var haldinn laugardaginn 20. júlí. Dagskrá dagsins var með fjölbreyttu sniði. Haldið var bikarmót í fjallahjólreiðum, boðið uppá skógargöngu með leiðsögn, bátaleigu í Atlavík, hestaferðir um skóginn. Í Hússtjórnarskólanum var sýning á hnífum úr samkeppni um hönnun á „Íslenska skógarhnífnum”, 60 hnífar bárust í samkeppnina. Í lok dagsins var gestum boðið í neðsta reit í grillaðar pylsur og gos í boði Skeljungs Skógarnestis á Egilsstöðum.

Skipt um rennur og malborin að hluta göngutígur frá Fjósakambi og upp í Hallormsstaðaskóla

7.3 Trjásafnið í Mörkinni

Helstu verkefni í Trjásafni voru snyrting stakra trjáa, gróðursettar ýmsar tegundir trjáa og viðhald göngustíga.

Eftirfarandi trjátegundir voru gróðursettar í trjásafnið: í norðurhorn Markarinnar, 7 stk. marþöll, í og við síberíuþininn í Forsetalundinum, 14 stk. risalífviður frá Mustilla og 9 stk. risalífviður frá John Alden.

Í neðsta reit undir broddgreninu:

- 14 stk risalífviður (Mustilla)
- 22 stk kóreulífviður (Mustilla)
- 5 stk balsamþinur (Mustilla)
- 2 stk japansþinur (Mustilla)
- 1 stk silfurþinur (Mustilla)

Í Lambaból var gróðursett 25 stk. af álmi (Ormsstaðir) á þremur stöðum: innan við veg frá Hafsauga niður í Lambaból, innan við læk ofan við veg í gegnum Lambaból og utan viðlæk ofan við veg.

Framlag úr Skógræktarsjóði Theodórs Johnson fór að mestu í tvö verkefni; Skáldverkasýninguna „Rjóður” og ferð skógarvarðar til Færeyja á fund norrænu trjásafnsnefndarinnar.

Framlag úr Skógræktarsjóði Theodórs Johnson til trjásafnsins var kr. 640.000

Skáldverka sýningin „Rjóður”

Á skógardaginn 20. júlí var opnuð í trjásafninu Skáldverkasýningin „Rjóður”. Sex íslenskum skáldum var boðin þátttaka. Skáldin fluttu ljóð eða sögur sem sérstaklega voru samín í tilefni sýningarinnar, þau voru; Einar Már Guðmundsson, Sigrún Eldjárn, Pétur Gunnarsson, Steinunn Sigurðardóttir, Sigurður Pálsson og Þorsteinn frá Hamri. Umsjón með sýningunni var í höndum Sigurðar B. Blöndals yngri. Boðið var uppá ljóðaferð í Trjásafnið með Sigurði Blöndal og fluttu skáldin verk sín, við undirleik Hallfríðar Ólafsdóttur á flautu og Ármans Helgasonar á klarinett. Verkin voru sett upp í umgjörð sem hönnuð var af heimamönnum á Hallormsstað, starfsmenn skógræktarinnar sáu um uppsetningu sýningarinnar. Sýningin stóð fram á haust, mikil gestakoma var í Trjásafnið í sumar.

7.3 Tilraunir og viðarmælingar

Friðrik Aspelund og Gunnar Freysteinnsson tóku að sér að vinna skýrslu, þar sem markmiðið var að gera grófa áætlun um viðarmagn og nýtingarhlutfall í lerki úr fyrstu grisjunum næstu 20 ár.

Á vegum Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá var gróðursett kvæmatilraun, 31 kvæmi af sitkagreni og 5 balkanfuru kvæmi, neðan þjóðvegur á Höfða.

Á Höfða gróðursetti Þröstur Eysteinnsson kvæmatilraun í kartöflugarðinn í Hrafnavík af: evrópulerki, rússalerki, mýralerki, og sífjalerki.

Á Höfða var sett ofan þjóðvegur sáningartilraun með fræi af lerki og stafafuru, á vegum Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá.

Ársskýrsla 1996

Þór Þorfinnsson
Bergrún A Þorsteinsdóttir
Skúli Björnsson